

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Með lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. voru veitt fyrirheit um auk-
ið fjármagn til sérstakra samfélagsverkefna sem brunnu mjög á fólki en höfðu verið fjársvelt.
Eitt þessara verkefna voru brýnar vegaf framkvæmdir bæði á höfuðborgarsvæðinu og á lands-
byggðinni. Íbúar hvar sem er á landinu hafa miklar væntingar um að staðið verði við tímasett
loforð og yfirlýsingar um einstakar vegaf framkvæmdir sem Alþingi hefur samþykkt á sam-
gönguáætlun. Fjármagn til framkvæmda samkvæmt gildandi samgönguáætlun hefur þó verið
skorið niður á hverju ári sl. þrjú ár og nemur sá niðurskurður nú samtals hátt á sjöunda millj-
arð króna.

Síðastliðið sumar ákvað ríkisstjórnin að fresta útboðum og nýframkvæmdum í vegamálum
til að slá á þenslu í þjóðfélaginu. Samtals nam sú frestun á annan milljarð króna og bitnaði
harðast á fyrirhuguðum vegaf framkvæmdum á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Sú þensla
sem verið var að bregðast við er af allt öðrum orsökum en vegaf framkvæmdum og er síst til
staðar á Vestfjörðum og Norðausturlandi þar sem framkvæmdum var fyrst og fremst frestað.

Með þessu frumvarpi um breytingu á lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Ís-
lands hf. er enn verið að fresta fjárframlögum til vegaf framkvæmda sem lofað hafði verið á
árinu 2007. Er hér m.a. um að ræða um 200 millj. kr. niðurskurð á vegagerð um Arnkötuladal
og hins vegar um 300 millj. kr. niðurskurð á vegagerð um Norðausturveg auk verkefna á
höfuðborgarsvæðinu.

Rök forsætisráðherra þegar hann mælti fyrir frumvarpinu voru þau að þessi frestun á vega-
framkvæmdum væri til að bregðast við mikilli þenslu í þjóðfélaginu árið 2007. Samtímis gefa
svo bæði fjármálaráðherra og samgönguráðherra yfirlýsingar og hafa áform um nýjar og
brýnar vegaf framkvæmdir á næsta ári sem ekki eru á núgildandi samgönguáætlun. Minni hlut-
inn gagnrýnir harðlega að ný og endurskoðuð samgönguáætlun skuli ekki hafa verið lögð
fram og rædd á Alþingi áður en fjárlög fyrir árið 2007 eru afgreidd eða samþykkt ný lög sem
kveða á um frestun á framkvæmdum sem lofað var á næsta ári og Alþingi hafði áður sam-
þykkt.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að flytja 500 millj. kr. fjárframlag til fjarskiptasjóðs frá
árinu 2007 til 2006 og er sótt til þess heimild á fjárukalögum 2006. Ítrekað hefur verið spurt
hvaða verkefni fjarskiptasjóðs séu gjaldfallin á árinu 2006. Ekki hafa fengist nein svör við
því.

Þá fékkst frumvarpið ekki sent til umsagnar, hvorki til sveitarfélaga á þeim svæðum sem
frestun á fé til vegaf framkvæmda bitnar á né heldur til Vegagerðarinnar. Samgöngunefnd fékk
málið ekki einu sinni til umsagnar. Minni hlutinn gagnrýnir alla meðferð þessa máls af hálfu
ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar.

Ljóst er því að málatilbúnaður allur um sérstaka ráðstöfun á hluta söluandvirðis Símans
mörg ár fram í tímann til skilgreindra verkefna var algjör sýndarmennska af hálfu ríkisstjórn-

arflokkanna eins og stjórnarandstaðan benti á við afgreiðslu þess lagafrumvarps á sínum tíma.

Alþingi, 7. des. 2006.

Jón Bjarnason,
frsm.

Einar Már Sigurðarson.

Katrín Júlíusdóttir.

Helgi Hjörvar.

Guðjón A. Kristjánsson.